



RÍKISENDURSKOÐUN

Bréttartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Forseti Alþingis	12. maí 2016	16040061
Hr. Einar K. Guðfinnsson		1.08
Kirkjustræti		SA/bb
150 Reykjavík		

Efni: Vanhæfi ríkisendurskoðanda til að annast endurskoðun ársreiknings Lindarhvois ehf. og að hafa með höndum lögskipað eftirlit með starfsemi og framkvæmd samnings félagsins við ráðherra.

Í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 24/2016 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001 með síðari breytingum (stöðugleikaframlag) er fjármála- og efnahagsráðherra heimilað að stofna einkahlutafélag í eigu ríkisins til að annast umsýslu eigna, sem ríkið hefur fengið sem stöðugleikaframlag annarra en þeirra sem lagðar eru til Bankasýslu ríkisins, fullnusta þær og selja eftir því sem við á. Í 4. mgr. 1. gr. er tekið fram að ráðherra muni gera samning við félagið um verkefni þess og starfshætti. Í sömu málsgrein þótti löggjafanum jafnframt sérstök ástæða til þess að áréttta að Ríkisendurskoðun skyldi annast eftirlit með framkvæmd samningsins. Félagið hefur nú verið stofnað og ber heitið Lindarhvoil ehf.


Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps að ofangreindum lögum nr. 24/2016 er m.a. að finna svofellda skýringu á efni lagaákvæðisins:

„Þar sem byggt er á því að hvorki Seðlabankinn né ráðherra hafi afskipti af verkefnum félagsins samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með starfsemi félagsins og framkvæmd samnings milli ríkisins og félagsins, sem marka mun ramma utan um verkefni félagsins og verklag við þau. Þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi fullnægjandi heimildir samkvæmt lögum um stofnunina til slíks eftirlits er sá munur á að hér er beinlínis kveðið á um að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með þessum þætti. Það er hins vegar lagt í hendur stofnunarinnar að afmarka og móta hvernig hún hyggst sinna slíku eftirliti með hinum samningsbundnu verkefnum félagsins.“

Svo sem yður er kunnugt er Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, bróðir minn. Í stofnfundargerð félagsins kemur fram að Þórhallur hafi verið kjörinn í stjórn félagsins. Af þessu er ljóst að ég telst og þar með aðrir starfsmenn Ríkisendurskoðunar vanhæfir til að annast endurskoðun og tilgreint eftirlit með starfsemi félagsins og ógerðum samningi þess við ráðherra. Má í því sambandi m.a. vísa til óskráðra reglna stjórnarsýsluréttarins um vanhæfi, sbr. til hliðsjónar II. kafla stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

Af þessu tilefni gerði ég með bréfi, dags. 28. apríl 2016, fjármála- og efnahagsráðuneytinu grein fyrir því að ég teldi mig vanhæfan til að annast eftirlit með starfsemi félagsins og áformuðum samningi þess við ráðherra og myndi að öðru óbreyttu fara þess á leit að forsætisnefnd Alþingis myndi setja sérstakan ríkisendurskoðanda til þess að annast þetta verkefni, sbr. hjálagn ljósrit. Viðbrögð ráðuneytisins við ofangreindu bréfi voru á þá lund að það geri „ekki athugasemd við framangreinda ráðagerð“ eins og það er orðað í hjálögðu bréfi þess, dags. 11. þ.m.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið og hinna óskráðu vanhæfisreglna stjórnsluréttarins blasir við að meðan Þórhallur bróðir minn situr í stjórn Lindarhvals ehf. telst ég vanhæfur til að hafa eftirlit með framkvæmd fyrirhugaðs samnings félagsins og fjármála- og efnahagsráðuneytis og til að annast endurskoðun hjá Lindarhvoli ehf. Því á ég ekki annan kost en að óska eftir að forsætisnefnd Alþingis setji sérstakan ríkisendurskoðanda til að hafa eftirlit með framkvæmd áður nefnds samnings og einnig að bera ábyrgð á útvistun árlegrar endurskoðunar hjá félaginu meðan tilgreindar vanhæfisástæður vara.



Afrit:

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri



Ríkisendurskoðun
Sveinn Arason
Bríetartúni 7
105 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ


Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 11. maí 2016
Tilv.: FJR16040083/11.6.0

Ráðuneytið hefur móttengið bréf yðar dags. 28. apríl sl. þar sem fram kemur að þér séuð vanhæfir til að annast eftirlit með félaginu Lindarhvoli ehf. vegna fjölskyldutengsla við stjórnarformann þess. Því verði óskað eftir því við forsætisnefnd Alþingis að settur verði staðgengill yðar til að annast eftirlit og endurskoðun sem félagið varðar. Jafnframt er í bréfinu tilkynnt að árlegri endurskoðun hjá Lindarhvoli ehf. verði úthlutað til endurskoðunarfyriertækis.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerir ekki athugasemdir við framgreinda ráðagerð.

Fyrir hönd ráðherra


Haraldur Steinþórsson


Anna Valbjörg Ólafsdóttir



RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	28. apríl 2016	16040061
Guðmundur Arnason ráðuneytisstjóri		1.08
Amarhváli		SA/bb
150 Reykjavík		

Efni: Lindarhvoll ehf. Endurskoðun og eftirlit með starfsemi félagsins.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 24/2016 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001 með síðari breytingum (stöðugleikaframlag) er fjármálaráðherra heimilað að stofna einkahlutafélag í eigu ríkisins til að annast umsýslu eigna, sem ríkið hefur fengið sem stöðugleikaframlag annarra en þeirra sem lagðar eru til Bankasýslu ríkisins, fullnusta þær og selja eftir því sem við á. Í 4. mgr. er tekið fram að ráðherra muni gera samning við félagið um verkefni þess og starfshætti. Þá er tiltekið að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með framkvæmd samningsins. Félagið hefur nú verið stofnað og ber heitið Lindarhvoll ehf.

Í stofnfundargerð félagsins kemur fram að Þórhallur Arason, sem er skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, hafi náð kjöri í stjórn félagsins. Þórhallur er bróðir Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda. Af þessu er ljóst að ríkisendurskoðandi er vanhæfur til að annast tilgreint eftirlit sem felst í lagaákvæðinu og ógerðum samningi þar um.

Ríkisendurskoðun mun því óska eftir að forsætisnefnd Alþingis setji sérstakan ríkisendurskoðanda til að fara með tilgreint eftirlit þegar samningur þar um hefur verið gerður og undirritaður.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun ber henni að endurskoða fyrirtæki þar sem eignarhlutur ríkisins er a.m.k. 50%. Stofnunin hefur hins vegar heimild til að útvista endurskoðunarverkefnum til endurskoðunarfyrirtækja þegar hún telur það eigi betur við og telst hagkvæmara. Í ljósi þess að ríkisendurskoðandi telst vanhæfur til að annast endurskoðun félagsins þá mun Ríkisendurskoðun útvista árlegri endurskoðun á félaginu.

Kostnaður sem af endurskoðun og tilgreindu eftirliti leiðir mun verða greiddur af félaginu.

Guðmundur Arnason
Jón Loftur Björnsson